

Helgi Hlynur Ásgrímsson

Kt.: [...]

Heimilisfang: [...]

Akureyri, 3.6.2025

Tilv. 2024-07-11-0997

Tilv. 2023-11-30-1125

Efni: Svipting. Tvær strandveiðiferðir farnar sama dag. Skráning aflaupplýsinga. Sameining mála. Hafbjörg NS-16 (7064)

I. Málsvik

Fiskistofa hefur lokið meðferð tveggja mála er varða ætluð brot áhafnar, og eftir atvikum útgerðar, fiskiskipsins Hafbjargar NS-16, skipaskrárnúmer 7064. Annars vegar mál vegna tveggja strandveiðiferða sem farnar voru sama daginn (máls nr. 2024-07-11-0997) og hins vegar mál vegna vanskráninga á aflaupplýsingum (mál nr. 2023-11-30-1125). Lögskráður skipstjóri í veiðiferðunum var Helgi Hlynur Ásgrímsson, kt. [...].

Tvær strandveiðiferðir farnar sama dag

Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu (ferilvöktunarkerfi AIS) lét skipið Hafbjörg NS-16 (7064) úr höfn frá Borgarfirði eystri til veiða 12. júní 2024 kl. 18:01 og kom aftur inn til sömu hafnar til löndunar 13. júní kl. 05:06. Síðar þann 13. júní fór skipið á ný til veiða frá Borgarfirði eystri kl. 14:23 og kom aftur inn til löndunar 14. júní kl. 00:30.

Aflaupplýsingar

Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu sendi skipstjóri skipsins Hafbjörg NS-16 (7064) ekki aflaupplýsingar stafrænt til Fiskistofu áður en skipinu var lagt að bryggju í löndunarhöfn að loknum eftirfarandi 34 strandveiðiferðum á strandveiðivertíðunum 2023 og 2024:

30.5.2023	29.5.2024	28.6.2024
6.6.2023	30.5.2024	2.7.2024
9.6.2023	31.5.2024	3.7.2024
21.6.2023	12.6.2024	4.7.2024
22.6.2023	13.6.2024	5.7.2024
28.6.2023	14.6.2024	9.7.2024
11.7.2023	18.6.2024	11.7.2024
6.5.2024	20.6.2024	12.7.2024
15.5.2024	21.6.2024	15.7.2024
16.5.2024	25.6.2024	16.7.2024
17.5.2024	26.6.2024	
27.5.2024	27.6.2024	

Með bréfi dags. 23. október 2024, tilkynnti Fiskistofa málsaðila að mál væri til meðferðar gegn meintum brotum skipstjóra og eftir atvikum útgerðar fiskiskipsins Hafbjargar NS-16 (7064). Annars vegar vegna brota á ákvæðum 3. málsl. 2. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, sbr. 3. málsl. 2. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024 um strandveiðar og hins vegar vegna brota á ákvæðum 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, sbr. 4. mgr. 1. gr., 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 4. gr. reglugerðar nr. 307/2023 um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga. Einnig var tilkynnt um að til greina kæmi að beita stjórnsýsluviðurlögum ef niðurstaðan yrði sú að um brot hafi verið að ræða. Veittur var andmælafrestur til og með 11. nóvember 2024. Engar athugasemdir bárust frá málsaðila.

Eftir að framangreint bréf var sent málsaðila kom í ljós að Fiskistofu hafði áður borist beiðni um að breyta löndunardagsetningunni frá 17. júlí 2024 í 16. júlí 2024. Af þeim sökum telst 17. júlí 2024 ekki til þeirra skipta sem skipstjóri sendi ekki inn aflaupplýsingar stafrænt til Fiskistofu áður en veiðiferð lauk. Því er heildarfjöldi slíkra veiðiferða alls 34.

Fiskistofa hefur áður leiðbeint málsaðila um lög og reglur sem gilda um skil aflaupplýsinga með bréfi, dags. 29. ágúst 2022, vegna veiðiferða sem voru farnar í júní-ágúst 2022 (mál nr. 2024-05-28-0664). Lögskráður skipstjóri í þeim veiðiferðum var Helgi Hlynur Ásgrímsson.

II. Lagagrundvöllur

Leyfi til strandveiða er bundið tilteknum skilyrðum sem fram koma í lögum nr. 116/2006 og reglugerð nr. 460/2024. Meðal skilyrða er að aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi, sbr. 3. málsl. 2. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laganna og 3. málsl. 2. tölul. 5. gr. reglugerðarinnar.

Í 2. málsl. 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006 kemur eftirfarandi fram: „Um vigtun, skráningu og meðferð afla fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni nytjastofna sjávar, og ákvæðum gildandi reglugerðar þar um.“ Skipstjórnamenn skulu senda aflaupplýsingar stafrænt til Fiskistofu áður en veiðiferð lýkur, skv. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga nr. 307/2023. Skipstjóri skal senda upplýsingar skv. 3. gr. reglugerðarinnar til vefþjónustu Fiskistofu áður en skipi er lagt að bryggju í löndunarhöfn að lokinni veiðiferð, skv. 4. gr. reglugerðarinnar. Skipstjóri ber m.a. ábyrgð á að sá búnaður sem notaður er við skráningu og skil aflaupplýsinga geti tengst vefþjónustu Fiskistofu og skal gæta þess að búnaðurinn sé í lagi áður en haldið er í veiðiferð, skv. 3. og 4. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar.

Brot gegn lögum nr. 116/2006, lögum nr. 57/1996, reglugerð nr. 307/2023 og reglugerð nr. 460/2024, geta varðað stjórnsýsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegri áminningu skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006. Í 2. mgr. 15. gr. er mælt fyrir um lengd leyfissviptinga en þar segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skuli leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots.

III. Niðurstaða og rökstuðningur

Fyrir liggur að skipið Hafbjörg NS-16 (7064) lét úr höfn frá Borgarfirði eystri til veiða 12. júní 2024 kl. 18:01 og kom aftur inn til sömu hafnar til löndunar 13. júní kl. 05:06. Síðar þann 13. júní, fór skipið aftur út til veiða frá Borgarfirði eystri kl. 14:23 og kom aftur inn til löndunar 14. júní kl. 00:30.

Eitt skilyrða standveiðileyfis er að aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi. Að mati Fiskistofu felur hefðbundinn málskilningur „á hverjum degi“ í sér að átt sé við innan sama dags, þ.e. samdægers. Um þá túlkun vísast jafnframt til annarra skilyrða sem strandveiðileyfi eru bundin og koma fram í 6. gr. a laga nr. 116/2006 og 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024. Nánar tiltekið fela skilyrðin í sér að heimilt er að stunda strandveiðar í að hámarki 12 daga innan hvers mánaðar og að veiðar eru óheimilar föstudaga, laugardaga og sunnudaga og tiltekna almenna frídaga. Af þessum sökum er veiðitímabil takmarkað við tímabilið frá miðnætti á mánudegi til miðnættis á fimmtudegi, að því gefnu að ekki sé um almenna frídaga að ræða, og að aðeins ein veiðiferð sé farin á hverjum degi. Sem dæmi má nefna að sé veiðiferð hafin á mánudegi, skal henni lokið fyrir miðnætti sama dag því annars telst hún yfir tvo veiðidaga af þeim tólf sem heimilt er að fara í innan mánaðarins. Ef veiðiferð dregst fram á næsta dag og telur þannig sem tveir veiðidagar, er óheimilt að hefja nýja veiðiferð þann sama dag.

Fiskistofa leiðbeindi um það með frétt á vefsíðu stofnunarinnar þann 1. maí 2024, fyrir upphaf strandveiðitímabilsins sem hófst 2. maí, að til þess að veiðiferð teljist vera innan dags þurfi skip að leggja úr höfn til veiða á sama degi og það komi til hafnar aftur til löndunar.

Með hliðsjón af framgreindu er niðurstaða Fiskistofu sú að þar sem Hafbjörg NS-16 (7064) var haldið til veiða þann 13. júní 2024 kl. 14:23, sama dag og skipið hafði áður komið inn til löndunar úr annarri veiðiferð, kl. 05:06, hafi það farið í tvær strandveiðiferðir innan sama dags. Sú háttsemi braut gegn 3. málsl. 2. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006 og 3. málsl. 2. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024.

Fyrir liggur að í 7 strandveiðiferðum skipsins Hafbjargar NS-16 (7064) á strandveiðivertíðinni 2023 og að í 27 strandveiðiferðum, eða nánar tiltekið öllum strandveiðiferðum skipsins á strandveiðivertíðinni 2024 sendi skipstjóri skipsins ekki aflaupplýsingar til vefþjónustu Fiskistofu áður en skipinu var lagt að bryggju í löndunarhöfn að lokinni strandveiðiferð. Við ákvörðun viðurlaga í máli þessu verður hins vegar eingöngu horft til vanskila á aflaupplýsingum á strandveiðivertíðinni 2024, þ.e. vegna veiðiferða dagana:

6.5.2024	13.6.2024	2.7.2024
15.5.2024	14.6.2024	3.7.2024
16.5.2024	18.6.2024	4.7.2024
17.5.2024	20.6.2024	5.7.2024
27.5.2024	21.6.2024	9.7.2024
29.5.2024	25.6.2024	11.7.2024
30.5.2024	26.6.2024	12.7.2024
31.5.2024	27.6.2024	15.7.2024
12.6.2024	28.6.2024	16.7.2024

Með því að skrá ekki og skila ekki aflaupplýsingum til vefþjónustu Fiskistofu áður en skipinu var lagt að bryggju í löndunarhöfn að loknum veiðiferðum skipsins á framangreindum dögum braut skipstjóri skipsins gegn 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996, 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 307/2023, 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 307/2023, sbr. 2. málsl. 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006.

Fiskistofa skal veita útgerð áminningu, svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni, eða eftir atvikum leyfi til strandveiða, fyrir brot á lögum nr. 116/2006 og lögum nr. 57/1996 eða reglum settum á grundvelli þeirra laga, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006 og 15. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 307/2023 og 6. gr. reglugerðar nr. 460/4024. Ef veiðitímabili er lokið áður en ákvörðun Fiskistofu um sviptingu veiðileyfis tekur gildi, eða gildistíma sviptingar lýkur, skal leyfissvipting samkvæmt ákvörðuninni gilda við útgáfu næsta veiðileyfis, skv. 2. málsl. 24 gr. laga nr. 116/2006. Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu, skv. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 24. gr. laga nr. 57/1996. Við mat á því hvort um minni háttar brot er að ræða er m.a. litið til þess ætla megir að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi.

Í máli þessu er það mat Fiskistofu að brotin hafi ekki haft í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir málsaðila. Sé litið til þeirra hagsmuna sem brotin ógna verður í fyrsta lagi að líta til markmiða laga um stjórn fiskveiða og þá sér í lagi ákvæðis 6. gr. a. um strandveiðar. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 32/2010 (strandveiðar), sem breytti lögum nr. 116/2006, kemur m.a. fram að skilyrðum til strandveiða væri ætlað að dreifa veiðimagni sem mest, bæði í tíma og eftir landssvæðum, draga úr of miklu kappi í veiðunum og stuðla að því að meðferð afla yrði sem best. Takmarkanir á veiðunum, s.s. á fjölda veiðiferða innan hvers dags og veiðidaga innan hvers mánaðar, eru sett með það að markmiði að sem flestum verði gert mögulegt að stunda strandveiðar á sjálfbæran hátt, enda takmarkast strandveiðar af þeim aflaheimildum sem ráðstafað er sérstaklega til veiðanna ár hvert. Þá má færa rök fyrir því að takmörkun á fjölda veiðiferða á leyfilegum veiðidögum miði jafnframt að því að tryggja öryggi sjómanna á strandveiðum. Mikilvægt er að tryggja jafnræði meðal þeirra sem stunda strandveiðar og hafi brot málsaðila, að hafa farið í tvær strandveiðiferðir innan sama dags, ógnað þeim hagsmunum. Þó telur Fiskistofa brotið hafa verið framið af gáleysi og metur það sem minni háttar.

Við mat á hagsmunum sem brot málsaðila ógna verður í öðru lagi að líta til fjölda veiðiferða þar sem aflaupplýsingar voru ekki skráðar og ekki skilað í vefþjónustu Fiskistofu áður en skipinu var lagt að bryggju í löndunarhöfn að loknum veiðiferðum þess. Aflaupplýsingum er m.a. ætlað að nýtast í vísindalegum tilgangi og til eftirlits. Jafnframt eru þær mikilvægar fyrir vottun á útflutningi íslenskra sjávarafurða þar sem fram á að koma skráning á meðafla, s.s. sjávarspendýra og fugla. Brotin eru talin hafa ógnað þeim hagsmunum.

Við mat á því hvort um gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til þess að skipstjóri skipsins ber ábyrgð á því að þekkja þær reglur sem gilda um strandveiðar á hverjum tíma og að skráning og skil aflaupplýsinga sé með réttum hætti.

Að teknu tilliti til eðlis og umfangs brotanna sem fólu í sér að skráningu og skilum aflaupplýsinga var ábótavant allt strandveiðitímabilið 2024, eru þau metin sem meiri háttar og kemur því ekki til álita að áminna málsaðila vegna þeirra. Með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins þykja hæfileg viðurlög vera svipting leyfis til strandveiða í tvær vikur og er þá litið til þess að skil aflaupplýsinga, það sem af er strandveiðivertíðinni 2025, eru komin í gott horf.

Engin fyrri brot hafa ítrekunaráhrif við ákvörðun viðurlaga í máli þessu.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið Hafbjörgu NS-16 (7064), leyfi til strandveiða í tvær vikur (14 daga) frá 3. júlí 2025 til og með 16. júlí 2025, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 og 24. gr. laga nr. 116/2006, vegna brota gegn 3. málsl. 2. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, sbr. 3. málsl. 2. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024 og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996, 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 307/2023, 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 307/2023, sbr. 2. málsl. 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006.

Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár samkvæmt 19. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006.

Kæruheimild

Ákvörðun þessa má kæra til atvinnuvegaráðuneytisins, Borgartúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því að hún barst málsaðila, skv. 24. gr. laga nr. 116/2006 og 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið atr@atr.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar.

